

# HÆKKUN UPPSETTS AFLS MÚLAVIRKJUNAR, Í EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPI, ÚR 1,9 MW Í 3,2 MW OG FYRIRHUGUÐ BREYTING Á VATNSBORÐSSKILYRÐI GILDANDI VIRKJUNARLEYFIS

## Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Ljóst er að frá upphafi hefur Múlavirkjun ehf. ekki staðið við eigin yfirlýsingar um tilhögun framkvæmda vegna Múlavirkjunar og í reynd hefur umfang þeirra orðið mun meira heldur en kynnt var í greinargerð um framkvæmdirnar þegar þær voru tilkynntar til Skipulagsstofnunar á sínum tíma. Slík vinnubrögð eru óboðleg og setja Skipulagsstofnun í þá stöðu að taka nú ákvörðun um matsskyldu Múlavirkjunar vegna framkvæmda sem þegar hefur verið ráðist í. Í ákvörðun sinni er Skipulagsstofnun bundin ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum, sem byggja á þeirri forsendu að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli háðar mati ef líklegt sé að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Í tilfalli Múlavirkjunar er ekki verið að fjalla um fyrirhugaða framkvæmt heldur verið að taka lögformlega ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar sem er að baki. Hluti umhverfisáhrifanna liggja fyrir með skýrum hætti, en endanleg áhrif virkjunarinnar eru líkast til ekki komin fram að öllu leyti. Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að hækkun uppsetts afls Múlavirkjunar, í Eyja- og Miklaholtshreppi, úr 1,9 MW í 3,2 MW og á vatnsborði Baulárvallavatns, sem orðið hefur vegna reksturs virkjunarinnar og í samræmi við tillögu um nýtt vatnsborðsskilyrði í virkjunarleyfi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Eyja- og Miklaholtshrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og leyfi Orkustofnunar skv. raforkulögum nr. 65/2003. Sækja þarf um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þá eru framkvæmdir við ár og vötn leyfisskyldar samkvæmt 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Samþykkt tillaga að aðalskipulagi í Eyja- og Miklaholtshreppi hefur ekki verið staðfest og tekið gildi. Því þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar áður en hún samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillögu sbr. 1. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga nr. 123/2010. Í skipulagslögum nr. 123/2013 er ekki lengur sambærileg ákvæði og voru í 4. mgr. 56 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 varðandi framkvæmdir sem ekki eru í samræmi við skipulag. Því er mögulegt að gera megi breytingu á deiliskipulagi Múlavirkjunar þótt stöðvarhús hafi verið byggt í ósamræmi við skilmála þess. Skipulagsstofnun bendir á að upphaflega var gert ráð fyrir að stöðvarhús yrði allt að 91m<sup>2</sup> að stærð og að útfall úr Baulárvallavatni rynni um stuttan veg niður í inntakslón virkjunarinnar, þannig að virkjunin hefði ekki áhrif á náttúrulegan vatnsbúskap vatnsins. Stöðvarhúsið varð hinsvegar rúmlega tvöfalt stærra en gildandi deiliskipulag heimilar, stíflan var færð, hún hærri og oft á tíðum tengist vatnið og inntakslónið í eina heild. Öllu þessu þarf að taka á og gera grein fyrir í breytingu á deiliskipulagi og þær breytingar geta ekki talist vera óverulegar. Því þarf að fara með breytinguna skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, auk þess sem minnt er á að hún er einnig háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Loks áréttar Skipulagsstofnun mikilvægi þess að Múlavirkjun ehf. hafi samráð við Minjastofnun Íslands um rannsóknir á fornleifum innan framkvæmdarsvæðisins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Múlavirkjun ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. apríl 2013.

1. mars 2013

## INNGANGUR

Þann 19. desember 2012 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Múlavirkjun ehf. um hækkun uppsetts afls Múlavirkjunar úr 1,9 MW í 3,2 MW, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Eyja- og Miklaholtshrepps, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins (nú Minjastofnun Íslands), Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Orkustofnunar, og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Eyja- og Miklaholtshreppi með bréfum dags. 18. og 30. janúar og 11. febrúar 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 2. janúar 2013, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 9. janúar 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 18. janúar 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 23. janúar 2013 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 18. og 28. janúar 2013.

Frekari upplýsingar bárust frá Múlavirkjun ehf. með bréfum dags. 23. (tvö bréf) og 24. janúar og 4. febrúar (tvö bréf) 2013. Einnig í tölvupósti dags. 14. febrúar 2013 þar sem uppfærð vöktunarskýrsla fylgdi miðað við rannsóknir árið 2012 á urriðastofnum Hraunsfjarðarvatns og Baulárvallavatns.

## ÁGRIP AF SÖGU MÚLAVIRKJUNAR OG STJÓRNSÝSLULEGRI MEÐFERÐ HENNAR

**Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matskyldu og forsendur þeirra.** Þann 23. júní 2003 barst Skipulagsstofnun bréf frá Múlavirkjun ehf. þar sem tilkynnt var um áform um að reisa allt að 2 MW virkjun, Múlavirkjun, í Straumfjarðará við útfall Baulárvallavatns. Samkvæmt tilkynningu Múlavirkjunar ehf. var áformað að steypa allt að 8 m háa og 50 m langa stíflu í farvegi Straumfjarðarar um 200 m neðan við ós Baulárvallavatns. Stöðvarhúsið yrði fellt inn í landið um 1,5 km neðan stíflunnar. Aðrennslislögn, 1,2 m í þvermál, yrði grafin niður frá stíflu að stöðvarhúsi vestan árinna. Fyrir ofan stífluna yrði inntakslónið um 2,2 ha, sem myndi ekki ná alla leið að Baulárvallavatni. Straumfjarðará rynni því óröskuð um 10-20 m áður en hún færi í lónið. Ekki var gert ráð fyrir því að vatnsborð Baulárvallavatns breyttist í kjölfar framkvæmdanna. Yfirfall yrði á stíflunni þannig að lífrænt æti skilaði sér niður í farveg árinna. Fram kom að þegar framkvæmdum lyki myndi 30-40 % af rennsli Straumfjarðarar fara um árfarveginn á virkjunarsvæðinu. Þann 7. nóvember 2003 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðunin var ekki kærð.

Þann 11. mars 2004 tilkynnti Múlavirkjun ehf. til Skipulagsstofnunar fyrirhugaða stíflu við útfall Hraunsfjarðarvatn í Helgafellssveit, en úr vatninu rennur Vatnaá beint í Baulárvallavatn. Tilgangur framkvæmdarinnar var að bæta rekstrarskilyrði virkjunarinnar með því að jafna rennsli í Baulárvallavatn. Skipulagsstofnun tók ákvörðun þann 25. mars 2004 að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðunin var ekki kærð.

Iðnaðarráðherra gaf út virkjanaleyfi þann 13. maí 2004. Deiliskipulag fyrir framkvæmdirnar var samþykkt í sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps þann 6. október 2003.

**Málavextir að lokinni ákvörðun um matskyldu.** Í október 2004 bárust kvartanir til Skipulagsstofnunar vegna mikils rasks á framkvæmdasvæðinu og gruns um ósamræmi framkvæmda við yfirlýst og samþykkt áform. Stofnunin sendi fyrirspurn til sveitarstjórnar og byggingafulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps sem svaraði því til að framkvæmdin væri í öllum meginatriðum í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Þann 20. apríl 2005 spurðist Skipulagsstofnun fyrir um hvort sveitarfélagið Eyja- og Miklaholtshreppur hefði heimilað

stækkun á byggingu stöðvarhúss Múlavirkjunar úr tæpum 100 m<sup>2</sup> í 200 m<sup>2</sup> án þess að deiliskipulagi hefði verið breytt og auglýsing eða kynning á breytingunni farið fram samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum, en ábendingar þar um höfðu borist stofnuninni. Í svari byggingafulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis til Skipulagsstofnunar kom fram að notuð hefði verið heimild skipulags- og byggingarlaga til að stytta tímabil grenndarkynningar. Þeir sem hagsmuna áttu að gæta hafi lýst því skriflega yfir að þeir gerðu ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjögurra vikna grenndarkynningu lyki. Skipulagsstofnun benti á að senda ætti breytt deiliskipulag til Skipulagsstofnunar til yfirferðar og loks auglýsa deiliskipulagsbreytinguna í B-deild Stjórnartíðinda. Eftir áframhaldandi kvartanir og ábendingar vegna virkjanaframkvæmdanna fór starfsmaður Skipulagsstofnunar á vettvang til að skoða mannvirki og framkvæmdasvæðið þann 25. maí 2005. Þá stóðu framkvæmdir sem hæst en ekki var farið að hleypa vatni á aflvélar. Í kjölfar vettvangsferðarinnar sendi Skipulagsstofnun bréf til sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, framkvæmdaaðila, sveitarstjórn Helgafellssveitar, Umhverfisstofnun og byggingafulltrúa. Í minnisblaði með bréfinu sagði m.a.: „Ljóst er að stærð stöðvarhúss er ekki í samræmi við gögn í tilkynningu til Skipulagsstofnunar og deiliskipulag svæðisins. Jafnframt er ljóst að mun meira rask er við Hraunsfjarðarvatn en ætla mátti af upplýsingum frá framkvæmdaraðila. Mestu skiptir að með þeim aðgerðum sem bent er á hér að ofan þá er unnt að lagfæra og færa í fyrra horf flest sem til lýta telst við framkvæmdirnar. Mestu skiptir að koma í veg fyrir varanleg, óafturkræf áhrif vegna framkvæmdanna og því talið nauðsynlegt að ábendingunum við einstaka þætti framkvæmdarinnar verði fylgt við lok hvers framkvæmdaáfangs“.

Í september 2005 bárust enn ábendingar um að stíflan í Straumfjarðará væri hærri en gert hafi verið ráð fyrir og það valdi því að samfelld vatnsborð sé frá stíflu og upp í Baulárvallavatn og vatnsborð þess hafi hækkað umtalsvert vegna þessa. Í bréfi Skipulagsstofnunar til Eyja- og Miklaholtshrepps, dags. 16. september 2005, kom fram að stofnuninni hafi borist ábendingar um að vatnsborð Baulárvallavatns væri hvorki í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar né samþykkt deiliskipulag svæðisins og minnt á að sveitarstjórnir fari með eftirlit með því hvort framkvæmdir séu í samræmi við framkvæmda- og byggingarleyfi samkvæmt gr. 2.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Á fundi með Skipulagsstofnun þann 7. október 2005 gerðu fulltrúar Múlavirkjunar ehf. grein fyrir því að stíflan í Straumfjarðará væri hærri en til hafði staðið. Óskaði Skipulagsstofnun eftir því að fyrirtækið gerði grein fyrir því hvernig mannvirki yrðu lagfærð eða þeim breytt þannig að staðið yrði við fyrri yfirlýsingar um eðli framkvæmdarinnar. Í framhaldinu yrði ákvarðað hvort endurtaka skyldi matsskylduferli eða með hvaða hætti Skipulagsstofnun og/eða leyfisveitendur kæmu að því. Múlavirkjun ehf. boðaði að gerð yrði áætlun um úrbætur. Um þetta leyti barst Skipulagsstofnun einnig afrit bréfs frá Fornleifavernd ríkisins til Eyja- og Miklaholtshrepps þar sem vakin var athygli á því að vegna hárrar stöðu Baulárvallavatns kunni minjar að vera í hættu. Á þessum tíma vakti Skipulagsstofnun athygli Umhverfisráðuneytisins á framkvæmdunum og stöðu málsins.

Þann 2. mars 2006 var haldinn fundur á Skipulagsstofnun með fulltrúum Múlavirkjunar, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar og annar þann 11. apríl 2006 á Orkustofnun með sömu aðilum auk fulltrúa iðnaðarráðuneytisins. Á síðari fundinum var gerð grein fyrir tillögum ráðgjafa Múlavirkjunar um að reyna ætti annars vegar að tryggja rennsli úr Baulárvallavatni og að inntakslóni virkjunarinnar og hins vegar að tryggja að ávallt yrði eitthvað vatn í farvegi Straumfjarðarár neðan virkjunarinnar. Fulltrúi Skipulagsstofnunar lagði til að í stað þess að lagt yrði upp með nýja tilkynningu til Skipulagsstofnunar, þar sem öll frávik frá upphaflegum áætlunum væru tilkynnt til stofnunarinnar skv. 6. gr. laga nr. 106/2000, þá myndi iðnaðarráðuneytið sem leyfisveitandi halda utanum málið. Í því ferli yrði virkjunarleyfið

endurskoðað og vegna sérstöðu málsins yrði leitað eftir umsögnum Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og e.t.v. fleiri aðila. Þá ætti Múlavirkjun að vinna áfram tillögur að breyttri tilhögun í samstarfi við ráðgjafa sína og legði þær síðan fyrir iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun, sem myndu nota þær sem grundvöll að endurskoðun virkjanaleyfis, sem annað hvort yrði gefið til skamms tíma eða að í leyfinu yrði endurskoðunarákvæði þar sem unnt yrði að grípa til ráðstafana ef vöktun sýndi neikvæð áhrif.

Skipulagsstofnun hefur frá árinu 2007 bent á að gera þurfi nýtt deiliskipulag vegna stærra stöðvarhúss en gert hafi verið ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi. Ljóst er að sveitarstjórn Eyja- og Miklahrepps grenndarkynnti tillögu að breytingu á deiliskipulaginu árið 2004 en málsmeðferð hefur hins vegar ekki lokið og breytingin því ekki tekið gildi löglega.

Skipulagsstofnun hefur frá árinu 2007 bent á að framkvæmdir við Múlavirkjun væru ekki í samræmi við deiliskipulag. Gera þurfi nýtt deiliskipulag vegna stærra stöðvarhúss en gert hafi verið ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi. Ljóst er að árið 2004, áður en byggingarleyfi fyrir stærra stöðvarhúsi en skilmálar kváðu á um var gefið út, grenndarkynnti sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps tillögu að breytingu á skipulaginu, en sú skipulagsbreyting tók ekki gildi.

**Leyfi Múlavirkjunar ehf. til raforkuframleiðslu og forsendur þeirra.** Leyfi iðnaðarráðuneytisins fyrir virkjun í Straumfjarðará í Eyja- og Miklahreppi, dags. 13. maí 2004, veitti Múlavirkjun ehf. heimild til að reka og reisa allt að 1,9 MW vatnsaflsvirkjun. Virkjunarleyfi Múlavirkjunar ehf. tók mið af tilhögun og rekstrarforsendum sem kynntar voru í greinargerð fyrirtækisins og þeim skilyrðum sem sett voru við ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 7. nóvember 2003, um að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum, sem m.a. byggðu á eftirfarandi framkvæmdalýsingu Múlavirkjunar ehf.: "*Áformað er að steypa allt að 8 m háa og 50 m langa stíflu í farvegi Straumfjarðarár um 200 m neðan við ós Baulárvallavatns*". Fyrir leyfisveitenda vakti að vatnsborð Baulárvallavatns hækkaði ekki umfram það sem gerist í flóðum, enda ljóst að við endanlega hönnun hafi átt að tryggja að við venjulegt rennsli hefði virkjun ekki áhrif á vatnsborð vatnsins<sup>1</sup>.

Árið 2006 varð iðnaðarráðuneytinu ljóst að virkjunin var stærri en upphaflega var gert ráð fyrir (um 3,2 MW í stað 1,9 MW), rekstrarfyrirkomulag annað og inntakslón ekki í samræmi við forsendur Skipulagsstofnunar. Múlavirkjun ehf. var gert að sækja um nýtt virkjunarleyfi og gera grein fyrir ástæðum þess að ekki var mögulegt að uppfylla þau skilyrði sem gildandi leyfi kvað á um og jafnframt að gera grein fyrir aðgerðum sem gripið yrði til, til að uppfylla eins og mögulegt væri skilyrði leyfisins, einkum varðandi hrygningu urriða í útfalli Baulárvallavatns og til að minnka svo sem kostur væri áhrif á fuglalíf við Straumfjarðará.

Múlavirkjun ehf. sótti um endurnýjun virkjanaleyfis 18. janúar 2007 og þann 28. október 2008 veitti iðnaðarráðuneytið fyrirtækinu leyfi til að reka allt að 3.228 kW vatnsaflsvirkjun, sem endurskoða megi að fimm árum liðnum og eftir atvikum breyta skilyrðum fyrir leyfinu ef þá kæmi í ljós að ekki tækist að viðhalda eðlilegum stofnum straumandar og urriða. Eftirfarandi skilyrði voru sett um rekstur virkjunarinnar þann 28. október 2008:

- „1. Yfirfalls- og framhjárennslismannvirki við inntaksstíflu tryggi sem best náttúrulegt vatnsborð í Baulárvallavatni (u.þ.b. 193,8-194,1 m.y.s.). Innifalið í því er að algengar náttúrulegar sveiflur haldist, þ.e. að flóðavatni sé ekki safnað í Baulárvallavatni. Mikilvægt er að þessi mannvirki ásamt miðlunarmöguleikum í Hraunfjarðarvatni verði nýtt að fullu í flóðum. Í samráði við fiskifræðiráðgjafa geta skilyrði varðandi vatnsborð í Baulárvallavatni verið rýmri að vetri en sumri.

<sup>1</sup> Sbr. tölvupóst iðnaðarráðuneytisins til Skipulagsstofnunar þann 4. ágúst 2006 (tilvísun 2004110004)

2. Tryggja skal það lágmarksrennsli úr Baulárvallavatni, framhjá stíflu í Straumfjarðará, sem nauðsynlegt er vegna lífríkis.
3. Tryggja skal lágmarksrennsli úr Hraunsfjarðarvatni í samræmi við rökstuddar tillögur ráðgjafa þannig að hrygningarsvæði í Vatnaánni nýtist til hrygningar urriða.
4. Fylgjast skal með fjölda og varpárangri straumanda á vatnasviðinu, árlega til að byrja með en sjaldnar ef í ljós kemur að lífríkið nær nýju jafnvægi sem talið er ásættanlegt, sbr. liður 8 [liður 9 – innskot Skipulagsstofnunar].
5. Fylgjast skal með nýliðun urriða og vaxtarskilyrðum í Baulárvallavatni, árlega til að byrja með en sjaldnar ef í ljós kemur að lífríkið nær nýju jafnvægi sem talið er ásættanlegt, sbr. liður 8 [liður 9 – innskot Skipulagsstofnunar]. Reynist nýliðun urriða ekki nægjanleg skal bæta hana upp með sleppingu samstofna urriðaseiða í vatnið.
6. Tryggja skal síritun vatnsborðs í inntakslóni.
7. Árlega, í fyrsta skipti fyrir lok árs 2008, skal skilað skýrslu til eftirlitsaðila um rennsli og vatnshæð í inntakslóni.
8. Múlavirkjun ehf. skal fyrir lok árs 2008 skila skýrslu um frágang mannvirkja og umgengni um virkjunarsvæðið.
9. Árlega skulu teknar saman skýrslur um vöktun straumandar og urriða, sbr. liður 4 og 5, og skulu þær sendar eftirlitsaðila. Ítarleg skýrsla um áhrif virkjunar á lífríki svæðisins skal liggja fyrir áður en fimm ár eru liðin frá útgáfu þessa leyfis og á grundvelli hennar skal í samráði við eftirlitsaðila endurskoða hvort draga megi úr vöktun og samsvarandi skýrslugerð.“

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fram kemur í gögnum Múlavirkjunar ehf. að Skipulagsstofnun hafi ákvarðað þann 7. nóvember 2003 að allt að 1,9 MW Múlavirkjun í Straumfjarðará í Eyja- og Miklaholtshreppi væri ekki líkleg til að haf í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í tengslum við málsmeðferð vegna matsskyldufyrirspurnarinnar hafi komið í ljós að breyta þyrfti útfærslu virkjunarinnar sem tilkynnt hafi verið Skipulagsstofnun þann 11. mars 2004. Hafi breytingin falist í því að gera stíflu í Vatnaá, sem renni úr Hraunsfjarðarvatni í Baulárvallavatn, til þess m.a. að jafna rennsli úr Hraunsfjarðarvatni og draga úr sveiflum á vatnsborði Baulárvallavatns. Þann 25. mars 2004 hafi Skipulagsstofnun ákvarðað að stífla í Vatnaá við útfall Hraunsfjarðarvatns væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fram kemur að Múlavirkjun hafi verið byggð með 3,2 MW uppsettu afli og hafið starfsemi 24. nóvember 2005. Starfsemin hafi verið rekin skv. leyfi iðnaðarráðherra, dags. 13. maí 2004, til virkjunar allt að 1,900 kW uppsettu afli og virkjunarleyfi dags. 28. október 2008 fyrir allt að 3,228 kW uppsettu afli. Mannvirki virkjunarinnar séu 193 m<sup>2</sup> stöðvarhús og tvær stíflur auk aðveitu- og frárennislislagna, flutningslína inn á dreifikerfi raforku Landsnets hf. og vegslóða að stíflustæði. Stíflan í Vatnaá sé 5 m há og 75 m löng, en stíflan í Straumfjarðará sé 9 m há og 70 m löng og staðsett um 200 metrum neðan við ós Baulárvallavatns. Fram kemur að því hafi verið haldið fram, m.a. af Orkustofnun, að stíflan í Straumfjarðará sé hærri en gert hafi verið ráð fyrir. Úttekt skipulags- og byggingarfulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar hafi staðfest að hún sé 12 cm hærri en gert hafi verið ráð fyrir. Hönnuðir stíflunnar telji þetta stafa af ónákvæmni við byggingu stíflunnar, en eðlileg vikmörk við slíkar framkvæmdir séu 3-5 cm. Þá kemur fram að gildandi deiliskipulag geri ráð fyrir 91 m<sup>2</sup> stóru stöðvarhúsi, en vegna ákvörðunar Múlavirkjunar ehf. um að nota tvær vélasamstæður í virkjuninni í stað einnar, hafi verið óhjákvæmilegt að stækka húsið.

Fullyrt er að með þeim breytingum sem urðu á milli tilkynninga til Skipulagsstofnunar árin 2003 og 2004 hafi rekstur Múlavirkjunar þó verið að mestu leyti í samræmi við upphaflega hönnun og áætlanir. Fram kemur að vegna óska frá orkukaupanda um meiri rafmagnsframleiðslu að degi til hafi verið keyptar stærri og afkastameiri vélar en áætlanir hafi gert ráð fyrir. Aukning á uppsettu afli, afkastagetu og raforkuframleiðslu virkjunarinnar hafi þó bara kallað á stækkun stöðvarhúss, en ekki breytingu á öðrum mannvirkjum. Til þess að virkjun geti framleitt meira rafmagn á daginn sé óhjákvæmilegt að miðla vatni úr Baulárvallavatni, sem þó hafi ekki verið gert ráð fyrir í upphafi, heldur hafi náttúrulegar breytingar í vatnshæð Baulárvallavatns átt að halda sér.

Fram kemur að skilyrði í gildandi virkjunarleyfi segi að tryggja eigi sem best að náttúrulegt vatnsborð Baulárvallavatns haldist<sup>2</sup>. Ágreiningur sé milli Múlavirkjunar og Orkustofnunar um hvernig skilja eigi skilyrði fyrir stöðu vatnsborðsins. Orkustofnun telji að vatnshæð í inntakslóni / Baulárvallavatni verði að vera neðan 193,8 m y.s. að sumri og neðan 194,1 m y.s. að vetri, miðað við 15 mínútna meðalgildi. Hins vegar hafi Múlavirkjun litið á umrædd viðmið sem meðalvatnshæð hvers mánaðar en ekki algild hámark að vetri og sumri. Fram kemur að Orkustofnun hafi þann 23. mars 2010 tilkynnt að Múlavirkjun yrði beitt dagsektum ef vatnshæð Baulárvallavatns yrði ekki innan ofangreindra marka og fyrirtækið hafi kært ákvörðun og túlkun Orkustofnunar til iðnaðarráðherra þann 10. mars 2011. Þann 19. júlí 2011 hafi iðnaðarráðuneytið úrskurðað að skilningur Orkustofnunar væri réttur. Samkvæmt því skuli hámark vatnshæðar Baulárvallavatns vera á bilinu 193,8 til 194,1 m.y.s., 193,8 m.y.s. sé hámark að sumri en 194,1 m.y.s. hámark að vetri og jafnframt algert hámark leyfilegrar hæðar vatnsborðsins. Einungis vegna óviðráðanlegra aðstæðna megi vatnsborðið þó fara yfir þau mörk tvo daga í mánuði og vegna stórflóða, skv. úrskurði ráðuneytisins.

Fram kemur að Múlavirkjun telji að ofangreind skilyrði geri það að verkum að ómögulegt sé að reka virkjunina. Múlavirkjun hafi farið þess á leit við Orkustofnun, sem nú sé leyfisveitandi lögum samkvæmt, með bréfi dags. 2. júlí 2012 að vatnsborðsskilyrði virkjunarleyfisins yrði breytt á þann hátt að meðalvatnsborðshæð inntakslóns Baulárvallavatns yrði að vera innan við 194,15 m y.s. miðað við hvert almanaksár og meðalvatnsborðshæð í hverjum mánuði skuli ekki fara yfir 194,3 m y.s.<sup>3</sup>. Jafnframt að vatnshæð í Baulárvallavatni megi sveiflast en þó aldrei fara yfir 194,6 m y.s., miðað við sólarhringsmeðalgildi, að hámarki tvo daga í hverjum mánuði og í stórflóðum verði þau ekki talin með í útreikningum fyrr en vatnshæðin sé komin niður í 194,6 m y.s. Í svari Orkustofnunar þann 1. ágúst 2012 hafi komið fram að áður en tekin verði ákvörðun um endurnýjun virkjunarleyfis þurfi að liggja fyrir niðurstaða Skipulagsstofnunar um hvort breytt skilyrði, skv. tillögu Múlavirkjunar, kalli á mat á umhverfisáhrifum eða ekki.

---

<sup>2</sup> Skilyrði (nr. 1) sem iðnaðarráðherra setti um rekstur Múlavirkjunar þann 28. október 2008: *Yfirfalls- og framhjárennslismannvirki við inntaksstíflu tryggi sem best náttúrulegt vatnsborð í Baulárvallavatni (u.þ.b. 193,8-194,1 m.y.s.). Innifalið í því er að algengar náttúrulegar sveiflur haldist, þ.e. að flóðvatni sé ekki safnað í Baulárvallavatni. Mikilvægt er að þessi mannvirki ásamt miðlunarmöguleikum í Hraunsfjarðarvatni verði nýtt að fullu í flóðum. Í samræði við fiskifræðiráðgjafa geta skilyrði verið rýmri að vetri en sumri.*

<sup>3</sup> Tillaga Múlavirkjunar ehf. að nýju skilyrði um vatnshæð Baulárvallavatns í virkjunarleyfi, skv. erindi til Orkustofnunar: *Meðalvatnsborðshæð inntakslóns Baulárvallavatns skal vera innan við 194,15 m y.s. miðað við hvert almanaksár. Meðalvatnsborðshæð inntakslónsins skal í hverjum mánuði ekki fara yfir 194,3 m y.s. Innifalið í þessu er að vatnshæð í Baulárvallavatni sveiflast en þó skal sólarhringsmeðalgildi ekki fara yfir 194,6 m y.s. nema að hámarki tvo daga í hverjum mánuði. Ef um er að ræða stórflóð, þ.e. flóð með endurkomutíma tvö ár eða sjaldnar, eru þau ekki talin með í útreikningum fyrr en vatnshæðin er komin niður í 194,6 m y.s.*

Fram kemur að með hliðsjón af forsögu málsins og áliti umboðsmanns Alþingis<sup>4</sup> tilkynni Múlavirkjun ehf. til Skipulagsstofnunar hækkun uppsetts afls virkjunarinnar um 1,328 MW miðað við áður tilkynntar framkvæmdir og fyrirhugaða breytingu á vatnsborðsskilyrði í gildandi virkjunarleyfi, skv. tillögu Múlavirkjunar. Óskað er eftir því að stofnunin taki ákvörðun um matsskyldu á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga nr. 106/2000, sbr. og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á fiska.** Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að almennt séu útföll stöðuvatna mikilvæg hrygningarsvæði og uppeldissvæði fyrir urriða. Urriði nýti sér straumvatn til hrygningar og viðkoma urriðastofna sé því háð aðgengi að hrygningarsvæðum í lækjum og ám sem renni til stöðuvatna og frá þeim. Einnig sé straumvatn við útfall stöðuvatna mikilvæg uppeldis- og ætissvæði fyrir urriðaseiði, enda skapi rek lífrænna efna úr stöðuvötnum jafnan hentugar aðstæður fyrir mikið magn af bitmýslirfum, sem nýti rekið sem æti. Fram kemur að þegar útfall stöðuvatns sé stíflað og vatni miðlað þannig að þurrlandissvæði umhverfis vatnið fari á kaf fylgi því almennt að framleiðni þörunga og smádyra aukist í vatninu og fæðuframboð fiska aukist vegna þess. Aukin framleiðni sé tímabundin og vari í nokkur ár á meðan næringarefni skolist úr jarðvegi sem farið hafi undir vatn vegna tilkomu virkjunarinnar.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að vegna Múlavirkjunar hafi verið gert ráð fyrir að árstíðabundnar breytingar á vatnsborði Baulárvallavatns myndu haldast þó virkjað yrði. Álit sérfræðinga á sínum tíma hafi verið á þá leið að mestu neikvæðu áhrif virkjunar myndu verða á urriðastofn í Hraunsfjarðarvatni, vegna stíflu í Vatnaá sem kæmi í veg fyrir hrygningu urriða í ánni og vegna þess að land við Hraunsfjarðarvatn, sem áður var á þurru, færi á kaf vegna miðlunarinnar. Ekki hafi verið gert ráð fyrir teljandi neikvæðum áhrifum á urriðastofn í Baulárvallavatni eða stofna laxfiska í Straumfjarðará. Eftir að rekstur virkjunarinnar hófst hafi hins vegar komið í ljós að vatnsborð í inntakslóni virkjunarinnar hafi að jafnaði verið hærra en fyrri forsendur gerðu ráð fyrir og samfellt uppistöðulón sé nú að staðaldri frá stíflu að Baulárvallavatni. Meðalvatnsborð vatnsins hafi með þessu móti hækkað um rúmlega metra frá því sem áður var. Þannig hafi skapast aðstæður til aukins framboðs næringarefna vegna útskolunar á jarðvegi og mögulega aukna framleiðni í vatninu tímabundið.

Fram kemur í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar að vegna Múlavirkjunar hafi verið gerðar endurteknar rannsóknir á lífríki í Hraunsfjarðarvatni, Baulárvallavatni og ám og lækjum við vötnin árin 2003, 2007, 2010 og 2011. Urriði og hornsli lifi í vötnunum, en ekki aðrar fisktegundir. Stífla í Vatnaá hafi tekið fyrir aðgengi urriða í Hraunsfjarðarvatni að hrygningarsvæðum í ánni, en nú séu helstu hrygningar- og uppeldissvæði fisksins í Fosslæk í Seljadal. Úr Baulárvallavatni gangi urriði til hrygningar í neðri hluta Vatnaár auk lækja sem falli til vatnsins. Fram kemur að vatnsstaða í inntakslóni Múlavirkjunar sé jafn há vatnsborði Baulárvallavatns og vegna þess hafi mjög dregið úr straumi í útfalli vatnsins og hverfandi möguleikar séu á því að urriði hrygni við útfallið, efst í Straumfjarðará. Fram kemur í sérfræðiskýrslu um rannsóknir árið 2011 á þéttleika og stærð urriðaseiða í ám og lækjum Hraunsfjarðarvatns og Baulárvallavatns að í heildina hafi þéttleiki seiða aukist stöðugt frá árinu 2003 í báðum vötnunum, aldurshópar 0<sup>+</sup>, 1<sup>+</sup> og 2<sup>+</sup>, en í Rauðasteinalæk sem renni í

---

<sup>4</sup> Niðurstaða umboðsmanns Alþingis, mál nr. 5726/2009, frá 1. mars 2011, var m.a. sú „að iðnaðarráðuneytinu hefði í samræmi við 10. gr. stjórnsýslulaga a.m.k. borið að leita staðfestingar Skipulagsstofnunar á því að ákvörðun um hvort breytingar á Múlavirkjun féllu utan 6. gr. laga nr. 100/2006. Þar sem það var ekki gert var það niðurstaða setts umboðsmanns að ekki hefði verið forsvaranlegt hjá iðnaðarráðuneytinu að leggja til grundvallar við töku ákvörðunar um að veita C ehf. nýtt virkjunarleyfi að fyrir lægi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að breytingarnar á Múlavirkjun féllu utan 6. gr. laga nr. 106/2000. Hann taldi því að málsmeðferð iðnaðarráðuneytisins hefði ekki verið í samræmi við 10. gr. stjórnsýslulaga.“

Baulárvallavatn hafi þéttleiki 1<sup>+</sup> og 2<sup>+</sup> seiða þó verið mestur árið 2010. Hrygning og/eða lífslíkur seiða hafi verið góð árin 2007 til 2011. Þá kemur fram að mikil fjölgun hafi orðið á urriða í Hraunsfjarðarvatni frá árinu 2003 til 2010 og hrygningarstofn því stækkað, sem gæti skýrt vaxandi þéttleika seiða á þessu tímabili. Fjöldi urriða í Baulárvallavatni hafi hins vegar staðið í stað á ofangreindu tímabili. Vegna þess að vatnshæð í uppistöðulóni virkjunarinnar hafi löngum verið svipuð og í Baulárvallavatni hafi straumur í útfalli vatnsins verið mjög lítill og líklegt sé að hrygningarsvæði efst í Straumfjarðará séu ónothæf. Endurteknar mælingar á þéttleika urriðaseiða þar, sem fyrst hafi verið gerðar árið 2010, styðji þá ályktun því þar hafi einungis mælst tiltölulega lágur þéttleiki af 0<sup>+</sup> seiðum en ekkert af eldri seiðum. Þó hrygning eigi sér stað í útfallinu, sé hún í litlum mæli og þéttleiki seiða þar að líkindum minni en hafi verið fyrir byggingu Múlavirkjunar. Aukinn þéttleiki seiða í lækjum sem falli til Baulárvallavatns á undanförunum árum bendi til þess að urriði leiti þangað í auknum mæli til hrygningar og mikilvægi þeirra því aukist frá því sem áður var. Þá kemur fram að samanburður á meðallengd urriðaseiða bendi til þess að vaxtarskilyrði séu best í ám og vötnum sem renni til Baulárvallavatns (Baulá, Moldargilsá og Rauðasteinalæk) en lakari í Fosslæk, sem renni í Hraunsfjarðarvatn, og í Vatnaá og útfalli Baulárvallavatns. Loks kemur fram í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar að ástand urriðastofna árið 2010 og þéttleiki urriðaseiða árið 2011 bendi til þess að starfsemi Múlavirkjunar í sex ár hafi ekki haft neikvæð áhrif á urriða í heildina í Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. Þó séu enn að koma fram breytingar á urriðastofnum vatnanna og fylgjast þurfi með ástandi og hrygningu fiskanna í vötnunum þar til ljóst sé að hugsanleg áhrif virkjunarinnar séu að fullu komin fram.

Fram kemur ítrekun um að þegar Múlavirkjun ehf. hafi sótt um endurnýjun virkjunarleyfis, sem veitt var árið 2008, hafi verið fyrirsjáanlegt að ekki yrði unnt að viðhalda þeim straumi í útfalli Baulárvallavatns sem nauðsynlegur sé til að urriði geti hrygnt þar. Sterkar vísbendingar séu um að urriðastofn hafi í heildina orðið fyrir óverulegum áhrifum frá virkjuninni, eins og hún hafi verið rekin, ástand urriðastofna sé gott og þeir hafi lagað sig að þeim aðstæðum sem virkjunin skapi.

**Áhrif á fugla.** Fram kemur að undanfarin sjö ár hafi fuglalíf verið vaktað við Straumfjarðará og á aðliggjandi vatnasviðum, Baulárvallavatni, Vatnaá og Hraunsfjarðarvatni. Samkvæmt fuglatalningum að vori hafi 22 til 61 straumönd sést á svæðinu, fæstar árið 2006 en flestar 2012 flest árin fleiri en 30. Talningar sem gerðar hafi verið síðla sumars gefi til kynna hve margir ungar hafi komist á legg hvert ár. Samkvæmt þeim fundust 2 kollur með samtals 7 unga árið 2011 og 6 kollur með samtals 12 unga árið 2012, sem séu næstbesti og besti varþrangur straumandar á svæðinu síðan vöktunin hófst. Þó áhrif virkjunarinnar liggi ekki endanlega fyrir sé ljóst að mjög sterkar vísbendingar séu til þess að langtímaáhrif virkjunarinnar á fuglalíf, og þá sérstaklega á straumönd, séu óveruleg ef nokkur. Bent er á að svo virðist sem straumendur hafi flutt sig frá útfalli Baulárvallavatns og niður fyrir stöðvarhús, en þangað berist nú rek úr vatninu sem smádýralíf þrífst á. Straumöndin hafi lagað sig að breyttum aðstæðum.

**Áhrif á gróður.** Fram kemur að Múlavirkjunar ehf. telji að starfsemi virkjunarinnar eins og hún hafi verið rekin, sem hafi verið í samræmi við tillögu fyrirtækisins að nýju skilyrði um vatnsborðshæð, muni ekki hafa frekari áhrif á gróður við Baulárvallavatn en orðið hafi.

**Áhrif á fornleifar.** Fram kemur að Múlavirkjunar ehf. telji að starfsemi virkjunarinnar eins og hún hafi verið rekin, sem hafi verið í samræmi við tillögu fyrirtækisins að nýju skilyrði um vatnsborðshæð, muni ekki hafa áhrif á fornleifar við Baulárvallavatn.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að í gildi sé deiliskipulag fyrir Múlavirkjun í Straumfjarðará frá 2004, sem geri ráð fyrir 91 m<sup>2</sup> og 4,37 metra háu stöðvarhúsi. Vegna stækkunar véla virkjunarinnar hafi verið unnið að breytingu á deiliskipulagi sem geri ráð fyrir



193 m<sup>2</sup> stöðvarhúsi. Það hafi verið gert með grenndarkynningu og viðkomandi aðilar samþykkt með undirskrift á byggingarnefndaruppdrætti af 193 m<sup>2</sup> stöðvarhúsi, annars vegar 5,12 metra frá jörðu og hins vegar 7,12 metra frá jörðu. Skipulags- og byggingarnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar hafi veitt byggingarleyfi fyrir stærra stöðvarhúsi þann 29. nóvember 2004 og leyfið staðfest í sveitarstjórn 8. desember 2004. Deiliskipulagsbreytingin hafi hins vegar aldrei verið auglýst í B – deild Stjórnartíðinda og því aldrei tekið gildi lögum samkvæmt. Á þetta hafi Skipulagsstofnun bent með bréfi dags. 18. júní 2008. Með nýlegum breytingum á lagaumhverfi skipulags- og mannvirkjamála standi lög nú ekki í vegi fyrir því að Skipulagsstofnun afgreiði málið fyrir sitt leyti þegar stofnuninni berist erindi sveitarfélagsins þar að lútandi. Fram kemur að viðræður séu hafnar við sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps um að taka breytingartillögu deiliskipulagsins formlega fyrir að nýju og þ.m.t. grenndarkynningu.

**Nýtt skilyrði í virkjunarleyfi og frekari umhverfisáhrif.** Fram kemur að tillaga Múlavirkjunar ehf. að nýju skilyrði um leyfilega vatnsborðshæð í Baulárvallavatni byggji á því hvernig virkjunin hafi verið rekin frá 2005 til miðs árs 2011 og þeim skilningi sem fyrirtækið leggi í gildandi skilyrði í virkjunarleyfi. Ef Orkustofnun fallist á að breyta skilyrðinu í samræmi við tillögu Múlavirkjunar ehf. megi búast við að umhverfisáhrif virkjunarinnar verði í framtíðinni sambærileg þeim sem lýst sé í fyrirbyggjandi skýrslum um vöktun lífríkis.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Fiskistofu og Minjastofnunar Íslands það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Minjastofnun Íslands setur þó fyrirvara um að Múlavirkjun ehf. hafi samráð við stofnunina um tiltekna rannsóknir á fornleifum við Hraunsfjarðarvatn. Eyja- og Miklaholtshreppur og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Orkustofnun taka ekki afstöðu.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að stofnunin telji að ganga verði úr skugga um hvort gera þurfi mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar í ljósi þess að á fyrri stigum hafi ákvörðun um matsskyldu byggt á þeim forsendum sem fram komi í skilyrðum gildandi virkjunarleyfis. Ný vatnsborðshæð Baulárvallavatns geti því kallað á ný skilyrði í virkjunarleyfi.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að veiðimálastjóri hafi veitt heimild til framkvæmdarinnar árið 2004 með þeim skilyrðum að samstofna urriðaseiðum yrði sleppt í Hraunsfjarðarvatn, ef um verulega rýrnun á framleiðslu yrði að ræða og fylgst yrði með árangri ræktunarstarfsins í tvö ár eftir að seiðum hafi verið sleppt og í samræmi við áætlun sérfræðinga. Fiskistofa telji að þrátt fyrir smávægilega hækkun á stíflumannvirki miðað við upprunalegar áætlanir sé ekki þörf á því að Múlavirkjun undirgangist mat á umhverfisáhrifum á þessu stigi enda hafi framkvæmdaraðili fylgt þeim skilyrðum, sem honum hafi verið sett.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er sagt ljóst að Múlavirkjun hafi tekið mjög miklum breytingum miðað við upphafleg áform. Ætlunin hafi verið að reisa 1,9 MW virkjun en virkjunin sem nú sé starfrækt sé 3,2 MW og stöðvarhús mun stærra en upphaflega hafi verið kynnt. Ekki þurfi að sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar ef virkjun sé undir 2 MW skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur en jafnvel þó ljóst hafi verið að virkjunin yrði stærri hafi Múlavirkjun ehf. ekki sótt um slíkt leyfi fyrr en 6. nóvember 2012. Af gögnum sem fylgdu umsókninni sé ljóst að mengunarvarnir við virkjunina voru ófullnægjandi að mati heilbrigðiseftirlitsins. Fram kemur að Múlavirkjun ehf. hafi brugðist við athugasemdunum og starfsleyfi vegna virkjunarinnar sé í vinnslu. Vatnshæð Baulárvallavatns sé hins vegar ekki á verksviði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og því taki embættið ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

## Áhrif á lífríki.

Umhverfisstofnun bendir á að í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar (fylgiskjal nr. 14, bls. 12) komi fram að eftir sex ára starfsemi Múlavirkjunar séu enn að koma fram breytingar á urriðastofnum í Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni og Veiðimálastofnun leggi áherslu á að áfram þurfi að fylgjast með ástandi og hrygningu urriða í vötnunum þar til ljóst sé að hugsanleg áhrif virkjunarinnar séu að fullu komin fram. Þá komi svipuð ábending fram í sérfræðiskýrslu um fuglalíf á vötnunum og ám á svæðinu (fylgiskjal nr. 12, bls. 7) um að talsverðan tíma og rannsóknir þurfi til að vega og meta áhrif virkjunarinnar á lífríki. Áframhaldandi vöktun þurfi til að skera úr um hvenær eða hvort fjöldi straumanda á Straumfjarðará nái jafnvægi. Umhverfisstofnun telur ljóst að ef ekki takist að viðhalda eðlilegum stofnum straumandar og urriða megi breyta skilyrðum í virkjunarleyfi þegar það verði endurskoðað, sem geti fyrst farið fram veturinn 2013. Enn ríki óvissa um varanleg umhverfisáhrif Múlavirkjunar og fyrirbyggjandi gögn geri ekki kleift að spá fyrir um endanleg áhrif frekari vatnsborðshækkunar. Því eigi að meta umhverfisáhrif þess að breyta vatnsborðsskilyrði virkjunarleyfisins og ótímabært sé að endurskoða leyfið fyrir en fyrir liggja öruggari vísbendingar um varanleg áhrif núverandi virkjunar.

Í svari Múlavirkjunar ehf. er því mótmælt að sjónarmið Umhverfisstofnunar geti réttlætt ákvörðun um að mat á umhverfisáhrifum skuli fara fram. Lögð er áhersla á að skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum þurfi ákvörðun um matsskyldu að byggja á þeim forsendum að framkvæmd geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Í lögnum séu umtalsverð umhverfisáhrif skilgreind sem veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki sé hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Múlavirkjun ehf. telji að líkur á slíkum áhrifum þurfi að minnsta kosti að vera meiri en minni og hefur þar til hliðsjónar álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5081/2007. Umhverfisstofnun leggi áherslu á að varanleg og endanleg umhverfisáhrif liggja ekki fyrir en reyni ekki að rökstyðja hvaða þættir virkjunarinnar geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Múlavirkjun ehf. geti fallist á að endanleg umhverfisáhrif virkjunarinnar til allrar framtíðar litið liggja ekki fyrir með ótvíræðum hætti og rannsóknir vegna mats á umhverfisáhrifum myndi ekki breyta því. Sérfræðingar hafi vakt að og unnið athugasemdir á áhrifum virkjunarinnar á lífríki svæðisins eins og kveðið hafi verið á um í ákvörðun Skipulagsstofnunar og í gildandi virkjunarleyfi og svo hafi verið gert síðan árið 2004. Niðurstöður gefi sterkar vísbendingar um að áhrif virkjunarinnar á fugla og fiska séu óveruleg og gefi fremur til kynna jákvæð áhrif fremur en neikvæð. Þá hafi verið fylgst með þéttleika laxaseiða í Straumfjarðará frá árinu 1986 og með svörum Múlavirkjunar ehf. fylgi skýrsla Veiðimálastofnunar þess efnis<sup>5</sup>. Ástand fugla- og fiskistofna sé gott og þeir hafi aðlagð sig að þeim aðstæðum sem virkjunin hafi skapað. Ef til þess komi að rannsóknir sýni annað verði brugðist við því með frekari rannsóknum og viðeigandi áðgerðum. Grundvallaratriði sé að umhverfisáhrif liggja fyrir og verði vatnsborðsskilyrði virkjunarleyfis breytt í samræmi við tillögu Múlavirkjunar ehf. megi búast við að áhrifin verði sambærileg og fram hafi komið.

Í frekari umsögn sinni bendir Umhverfisstofnun á að í virkjanaleyfi séu sett ákveðin viðmið sem telja megi forsendur þess að reka megi virkjunina með þeim hætti sem gert hafi verið um fimm ára skeið. Þar komi fram að fylgjast eigi með hvort lífríki nái ásættanlegu jafnvægi að nýju og einnig hafi Orkustofnun á sínum tíma mælt til þess að leyfið yrði veitt til fárra ára eða breytingum á leyfinu yrðu sett skilyrði ef niðurstöður rannsókna bendi til að lækka þurfi

<sup>5</sup> Sigurður Már Einarsson 2011. Straumfjarðará 2010. Seiðabúskapur og laxveiði. Veiðimálastofnun VMST/1100, 12 bls.

stífluna. Slíkt skilyrði hafi iðnaðarráðherra sett. Niðurstöður rannsókna hafi leitt í ljós að breytingar í urriðastofninum séu enn að koma fram, sex árum eftir að rekstur hófst. Samkvæmt virkjunarleyfi eigi, fimm árum frá veitingu leyfisins, í fyrsta lagi að meta hvort stofninn hafi náð nýju jafnvægi og í öðru lagi hvort það jafnvægi sé ásættanlegt. Með aðstoð sérfræðinga megi komast nær rétttri greiningu á umhverfisáhrifum virkjunarinnar eins og hún sé starfrækt og á grundvelli þeirrar niðurstöðu draga ályktanir um líkleg áhrif enn frekari vatnsborðshækkunar. Ítrekað er að í virkjunarleyfi komi skýrt fram að breyta megi leyfinu ef skilyrði þess tryggi ekki að eðlilegir stofnar straumanda og urriða viðhaldist. Reynslu af vöktun frá því að Múlavirkjun hóf rekstur eigi að meta og á grundvelli þeirra gagna verði lagt mat á hugsanleg áhrif frekari vatnsborðshækkunar.

Í frekari svörum Múlavirkjunar ehf. er tekið fram að gerðar hafi verið rannsóknir á fjölda og varpárangri straumanda á vatnasviði virkjunarinnar og nýliðun og vaxtarskilyrðum urriða í Baulárvallavatni eins og virkjunarleyfi kveði á um. Einnig eigi fyrirtækið að skila ítarlegri skýrslu um áhrif virkjunarinnar á lífríki svæðisins a.m.k. fimm árum frá því að leyfið tók gildi og það verði gert fyrir 28. október 2013. Gera verði greinarmun á annars vegar rannsóknum á áhrifum virkjunarinnar á lífríki, sbr. skilyrði virkjunarleyfis, og mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 hins vegar. Því skuli gera áður nefnda skýrslu en ekki séu lagaskilyrði fyrir því að mat á umhverfisáhrifum eigi að fara fram. Þau sjónarmið sem Umhverfisstofnun setji fram geti ekki réttlætt ákvörðun um að breyting á vatnsborðsskilyrðum virkjunarleyfis skuli vera háð mati á umhverfisáhrifum, enda hafi ekki verið rökstutt að það muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér í skilningi laganna. Áréttað er að raunveruleg umhverfisáhrif hafi þegar komið fram enda hafi Múlavirkjun verið rekin á grundvelli þess sem felist í tillögu Múlavirkjunar ehf. um breytingu á skilyrðum í virkjunarleyfinu varðandi vatnsborð Baulárvallavatns. Það gefi því ekki rétta mynd að tala um „freakari vatnsborðshækkun“ eins og gert sé í umsögn Umhverfisstofnunar. Gildi og réttmæti skýrslna varðandi fuglalíf og stöðu laxa og urriðastofna hafi ekki verið hrakið af umsagnaraðilum. Þannig liggja engin haldbær rök eða gögn fyrir í málinu, sem bendi til þess að aukið afl virkjunarinnar og breyting á vatnsborðsskilyrðum séu til þess fallin að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, sbr. 1. mgr. 6. gr., sbr. o. lið 3. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

*Eyja- og Miklaholtshreppur* bendir á að ekki hafi farið fram heildstætt mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar eins og henni hafi verið breytt. Afl virkjunarinnar hafi verið aukið úr 1,9 MW í 3,2 MW, inntaksstífla sé staðsett á öðrum stað en skipulag geri ráð fyrir og hönnun hennar ekki í samræmi við forskrift þar um. Þetta hafi áhrif á uppistöðulón og samspil þess við Baulárvallavatn. Verði fallist á þá breytingu sem farið sé fram á, einkum fyrirætlun virkjunaraðila um að nota vatnið sem vatnsmiðlun, virðist sem vatnið og lónið verði samtengd á tíðum. Nauðsynlegt sé að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar með tilliti til breyttra forsendna og skoða alla þætti sem virkjunin geti haft áhrif á, þar með talið áhrif á fugla, urriða í vötnunum og laxagengd í Straumfjarðará. Fyrirliggjandi skýrslur um fugla og fiska staðfesti að virkjunin, eins og henni hafi verið breytt, muni hafa neikvæð áhrif til framtíðar. Þau jákvæðu áhrif sem virðist hafa komið fram á einhverja þætti kunni að vera tímabundin. Eyja- og Miklaholtshreppur leggur áherslu á að Múlavirkjun ehf. hafi ekki heimild til að nota Baulárvallavatn til vatnsmiðlunar og hafi ekki sótt um slíka heimild. Slík breyting varði skipulag annarra sveitarfélaga, sem nái að Baulárvallavatni og kynna þurfi þeim málið.

Múlavirkjun ehf. bendir á að Skipulagsstofnun hafi komist að þeirri niðurstöðu að allt að 1,9 MW virkjun og stífla við útfall Hraunsfjarðarvatns væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Ákvörðun Skipulagsstofnunar nú varði annars vegar hækkun uppsetts afls virkjunarinnar um 1,328 kW miðað við áður tilkynnta framkvæmd og í samræmi við gildandi virkjunarleyfi (3,2 MW) og hins vegar breytingu á skilyrði í virkjunarleyfinu

varðandi hæð vatnsborðs Baulárvallavatns, samkvæmt tillögu Múlavirkjunar ehf. Starfsemin þurfi að uppfylla skilyrði sem öll hafi það að markmiði að fylgjast með og draga úr umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Niðurstöður rannsókna á grundvelli leyfisins gefi sterkar vísbendingar um að áhrif virkjunarinnar séu óveruleg á fuglastofna og urriðastofn, ástand þeirra sé gott og stofnarnir hafi lagað sig að þeim aðstæðum sem virkjunin hafi skapað. Bent er á að umsögn Eyja- og Miklaholtshrepps fjalli um atriði sem sveitarfélaginu hafi lengi verið kunnugt um, en fjalli ekki um þann þátt framkvæmdarinnar sem sé umfram það sem tilgreint sé í gildandi virkjunarleyfi, þ.e. frekari vatnsborðshækkunir í Baulárvallavatni. Stíflan hafi verið færð ofar í Straumfjarðará frá því sem upphaflega hafi verið gert ráð fyrir m.a. í samráð við fiskifræðing. Skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins hafi á sínum tíma talið að stíflan væri í samræmi við deiliskipulag, þrátt fyrir að staðsetningu hennar hafi verið breytt og einnig hafi fulltrúinn samþykkt teikningar af stíflunni. Þá hafi Baulárvallavatn og inntakslón lengst af tengst saman allt frá upphafi reksturs virkjunarinnar. Múlavirkjun ehf. telur að fyrirliggjandi sérfræðiskýrslur um vöktun lífríkis séu fullkomlega marktækar um ástand fugla og fiska svæðisins og þær gefi til kynna að áhrif virkjunarinnar séu óveruleg. Þá hafi rannsóknir á seiðabúskap Straumfjarðarár frá árinu 1986 leitt í ljós að þéttleiki/magn laxaseiða hafi aukist verulega undanfarin ár, sem bendi ótvírætt til þess að virkjunin hafi ekki haft neikvæð áhrif á laxastofn Straumfjarðarár. Þá telur Múlavirkjun ehf. að sýnt hafi verið fram á að aukið framboð næringarefna vegna hærri vatnsstöðu hafi eingöngu nýst urriða í Hraunfjarðarvatni og þau áhrif séu nú að ganga til baka. Fram kemur að þegar núverandi virkjunarleyfi hafi verið gefið út árið 2008 hafi verið ljóst að ekki væri hægt að viðhalda straumi milli Baulárvallavatns og inntakslóns og vegna samráðs við Orkustofnun, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafi mótvægisáðgerðir verið settar sem endurspeglis í skilyrðum leyfisins. Áður nefndar rannsóknir beri með sér að framkvæmdin hafi ekki haft neikvæð áhrif í för með sér, þó ekki séu skil á milli vatns og inntakslóns. Þá er bent á að fram á þessu hafi sveitarfélagið ekki enn gert kröfu um að árstraumi verði viðhaldið þar á milli.

Í frekari umsögn bendir Eyja- og Miklaholtshrepps á að ekki sé rétt að rekstur virkjunarinnar hafi verið í samræmi við upphaflega hönnun og áætlanir. Þvert á móti hafi framkvæmdinni og rekstri virkjunarinnar verið breytt í grundvallaratriðum. M.a. hafi afl virkjunarinnar verið aukið, stífla reist nær Baulárvallavatni en skipulag geri ráð fyrir, inntakslón og Baulárvallavatn samtengd og vatnið þannig notað sem miðlunarhló. Allar megin forsendur virkjunarinnar séu því breyttar og þar með hækkun yfirborðs Baulárvallavatns sem nú sé til umfjöllunar. Breytingarnar hafi sveitarfélagið aldrei samþykkt. Hækkun vatnsborðsins og að vatnið verði notað til miðlunar geri það að verkum að nauðsynlegt sé að kanna ítarlega áhrif þess og óháð því hvað ástæður búi að baki þeirri breytingu, þar á meðal áhrif á landbrot og gróður á svæðinu. Í fyrirliggjandi skýrslum komi fram fyrirvari um að tímabundin hækkun vatnsborðs geti haft jákvæð áhrif sem ekki séu varanleg. Þetta þurfi að meta og hvort áhrif af breyttri virkjun hafi komið fram eða hvort frekari rannsókna sé þörf.

Í frekari svörum er áréttað að Múlavirkjunar ehf. telji að raunveruleg umhverfisáhrif hafi þegar komið fram enda hafi Múlavirkjun verið rekin með 3,2 MW afli og á grundvelli þess sem felist í tillögu Múlavirkjunar ehf. um breytingu á skilyrðum í virkjunarleyfinu varðandi vatnsborð Baulárvallavatns. Flest þau atriði sem sveitarfélagið nefni og telji að leiða eigi til þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum hafi því verið kunn í langan tíma en ekki hreyft sérstökum athugasemdum við þeim. Þetta varði í fyrsta lagi aukið afl virkjunarinnar, sem nú sé samkvæmt gildandi virkjunarleyfi, í öðru lagi færslu á inntaksstíflu sem hafi verið til afgreiðslu á fundi hreppsnefndar og fundarmenn ekki gert athugasemdir við og í þriðja lagi að ekki renni á milli Baulárvallavatns og inntakslóns, sem rætt hafi verið á fundi hreppsnefndar þann 2. febrúar 2009. Bent er á að gerð hafi verið áætlun um að rækta urriðaseiði úr Baulárvallavatni sem sleppt yrði í vatnið ef urriðastofni hrakaði þar sem afleiðing þess að ekki

væri lengur straumur í útfalli Baulárvallavatns. Ekki hefur þurft að grípa til þessara ráðstafana fram að þessu og það sé mat sérfræðinga að hrygning í lækjum umhverfis vatnið sé fullnægjandi fyrir urriðastofninn. Þá hafi vonir staðist til að lífrænt rek, sem áður féll um útfall Baulárvallavatns, myndi berast í Straumfjarðará um pípur virkjunarinnar og nýtast bitmýi á nýjum stað og þar með tryggja æti fyrir straumendur. Talningar á straumönd hafi staðfest að væntingar hafi gengið eftir. Þá bendir Múlavirkjun ehf. á að umfangsmikil reynsla sé komin á áhrif virkjunarinnar á lífríki, þau séu óveruleg og liggi fyrir með eins ótvíræðum hætti og unnt sé. Þá beri átta ára reynsla af rekstri virkjunarinnar ekki með sér neikvæð áhrif á landbrot og gróður við Baulárvallavatn. Samkvæmt fyrirliggjandi rannsóknum séu vísbendingar um að útskolun næringarefna hafi haft áhrif en í Baulárvallavatni hafi veiði á urriða verið nokkuð jöfn sem bendi til þess að útskolunar hafi ekki gætt þar og litlar líkur til þess að útskolun hafi haft áhrif neðan stöðvarhúss. Í umsögn sveitarfélagsins séu ekki færð efnisleg rök fyrir því að aukið afl virkjunarinnar eða tillaga að breyttu vatnsborðsskilyrði komi til með að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, né hafi verið dregið úr vægi fyrirliggjandi rannsókna á lífríki svæðisins.

Í enn frekari umsögn Eyja- og Miklaholtshrepps er bent á að minnisblað byggingafulltrúa sveitarfélagsins hafi verið kynnt á hreppsnefndarfundum 2. febrúar 2009 en ekki verið til neinnar afgreiðslu, um það hafi ekki verið ályktað né forsendur minnisblaðsins verið samþykktar af hálfu sveitarstjórnar. Kynningin bindi sveitarstjórnina því ekki á nokkurn hátt. Lögð er áhersla á að Skipulagsstofnun skoði málið ítarlega og meti áhrif þeirra verulegu breytinga sem orðið hafi á framkvæmdinni frá því að fyrri ákvörðun stofnunarinnar hafi verið tekin.

**Áhrif á fornleifar.** Minjastofnun Íslands bendir á að um sé að ræða framkvæmdir sem þegar hafi verið gerðar og þær séu umfangsmeiri en kynntar hafi verið vegna ákvörðunar um matsskyldu á sínum tíma, en þá hafi Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) talið líklegt að þær hefðu ekki áhrif á fornleifar. Nú sé hins vegar ljóst að virkjanaframkvæmdirnar hafi haft neikvæð áhrif á fornleifar. Ef gerð hefði verið grein fyrir raunverulegu umfangi í upphafi megi telja víst að gerðar hefðu verið kröfur um rannsókn minja. Rústir mannvirkja í Seljadal sem tengist seljabúskap á bökkum Hraunsfjarðarvatns hafi raskast vegna hækkunar vatnsborðs Hraunsfjarðarvatns í kjölfar framkvæmda vegna Múlavirkjunar, skv. skýrslu Fornleifastofnunar Íslands. Hætta sé á frekari skemmdum fornleifa vegna ágangs vatns. Minjastofnun Íslands muni meta á næstunni hvaða rannsóknir sé nauðsynlegt að ráðist í svo upplýsingar um mannvirki og mannvistarlög í Seljadal glattist ekki vegna frekari ágangs vatns. Ef framkvæmdaraðili fallist á að gera þær rannsóknir telur stofnunin að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Múlavirkjun ehf. bendir á að rannsóknir á fornleifum við Hraunsfjarðarvatn hafi verið unnar að frumkvæði Múlavirkjunar ehf. í kjölfar samráðs við minjavörð í Stykkishólmi og skýrsla um rannsóknina send Fornleifavernd ríkisins. Ekki hafi enn komið fram tillögur Fornleifaverndar ríkisins eða Minjastofnunar Íslands um frekari rannsóknir á svæðinu. Sú framkvæmd sem nú sé til umfjöllunar varði ekki Hraunsfjarðarvatn heldur Baulárvallavatn, en umsögn Minjastofnunar sé einskorðuð við áhrif vatnsborðs í Hraunsfjarðarvatni á fornleifar. Múlavirkjun ehf. telji því ekki að atriði tengd fornleifum við Hraunsfjarðarvatn geti komið til skoðunar við ákvörðun Skipulagsstofnunar á því hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Áréttað er að um sé að ræða breytingu á skilyrði um vatnsborð Baulárvallavatns í gildandi virkjunarleyfi, sem ekki sé til þess fallið að hafa áhrif á fornminjar. Múlavirkjun ehf. muni að sjálfsögðu leitast við að hafa gott samstarf við Minjastofnun og gera þær rannsóknir sem framkvæmdaraðila ber í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

**Samræmi við skipulag.** Eyja- og Miklaholtshreppur bendir á að fyrirkomulag og rekstur Múlavirkjunar sé ekki í samræmi við deiliskipulag. Múlavirkjun ehf. þurfi að láta vinna nýtt deiliskipulag af virkjunarsvæðinu, vegna breytts afls virkjunarinnar og breyttrar staðsetningar á stíflu miðað við forsendur fyrirbyggjandi deiliskipulags. Vegna fyrirætlana um að nota Baulárvallavatn sem miðlunarlón sé nauðsynlegt að skipulagið taki einnig til vatnsins og slíkt skipulag varði fleiri sveitarfélög en Eyja- og Miklaholtshrepp. Sveitarfélagið krefst þess að rekstur Múlavirkjunar verði að fullu í samræmi við skipulag og virkjunarleyfi hennar taki mið af gildandi deiliskipulagi.

Í svari Múlavirkjunar ehf. kemur fram að sveitarfélaginu hafi verið kunnugt um að stöðvarhús yrði stærra en ráðgert hafði verið og hafi veitt byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni. Sveitarfélaginu hafi verið kunnugt um að breyting á deiliskipulaginu og niðurstöður grenndarkynningar hafi ekki verið auglýst í B deild stjórnartíðinda. Múlavirkjun ehf. hafi óskað formlega eftir því að skipulaginu verði breytt og skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins hafi samþykkt breytinguna þann 15. janúar 2013. Ekki sé nauðsynlegt að deiliskipuleggja Baulárvallavatn, enda hefði það ekki stoð í skipulagslögum né skipulagsreglugerð.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Múlavirkjun tók til starfa árið 2005. Upprunalega átti virkjunin að vera 1,9 MW skv. upplýsingum sem lágu til grundvallar við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu virkjunarinnar árið 2003 og fyrsta virkjunarleyfi iðnaðarráðherra frá árinu 2004. Síðar kom í ljós að virkjunin var byggð og rekin með afl upp á 3,2 MW og var nýtt virkjunarleyfi fyrir slíkri virkjun gefið út, með skilyrðum, af iðnaðarráðherra dags. 28. október 2008. Þar á meðal var skilyrði um að tryggja ætti sem best náttúrulegt vatnsborð Baulárvallavatns (1. skilyrði), en ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin væri ekki matsskyld byggði m.a. á því að útfall úr vatninu myndi renna um stuttan veg niður í inntakslón og virkjunin hefði þannig ekki áhrif á náttúrulegar sveiflur í vatnsbúskap Baulárvallavatns. Árið 2010 gerði Orkustofnun athugasemd við rekstur Múlavirkjunar og taldi hann ekki í samræmi við þetta skilyrði um vatnsborðsstöðu Baulárvallavatns. Iðnaðarráðuneytið úrskurðaði þann 19. júlí 2011 að túlkun Orkustofnunar á skilyrðinu væri rétt og rekstur Múlavirkjunar væri því ekki í samræmi við útgefið virkjunarleyfi. Þann 2. júlí 2012 fór Múlavirkjun ehf. þess á leit við Orkustofnun, sem nú er leyfisveitandi lögum samkvæmt, að vatnsborðsskilyrði virkjunarleyfisins yrði breytt. Orkustofnun greindi Múlavirkjun ehf. frá því að stofnunin myndi ekki taka ákvörðun um nýtt virkjunarleyfi fyrr en Skipulagsstofnun hefði ákvarðað um hvort breytt skilyrði, skv. tillögu Múlavirkjunar ehf., væri háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Niðurstaða Orkustofnunar er í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis um að á sínum tíma hafi málsmeðferð iðnaðarráðuneytisins ekki verið í samræmi við 10. gr. stjórnsýslulaga og á þann hátt að ráðuneytið hafi ekki með nægilega skýrum hætti óskað eftir því að Skipulagsstofnun fjallaði um breytingu á áður heimilaðri framkvæmd Múlavirkjunar, á grundvelli 6. gr. laga nr. 106/2000<sup>6</sup>.

Breytingarnar sem gerðar hafa verið á framkvæmdinni frá því að fyrri ákvarðanir Skipulagsstofnunar vegna Múlavirkjunar voru teknar árin 2003 og 2004 eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Ljóst er að frá upphafi hefur Múlavirkjun ehf. ekki staðið við eigin yfirlýsingar um tilhögun framkvæmda vegna Múlavirkjunar og í reynd hefur umfang þeirra orðið mun meira heldur en

<sup>6</sup> Álit umboðsmanns Alþingis, mál nr. 5726/2009, frá 1. mars 2011.

kynnt var í greinargerð um framkvæmdirnar þegar þær voru tilkynntar til Skipulagsstofnunar á sínum tíma. Slík vinnubrögð eru óboðleg og setja Skipulagsstofnun í þá stöðu að taka nú ákvörðun um matsskyldu Múlavirkjunar vegna framkvæmda sem þegar hefur verið ráðist í. Í ákvörðun sinni er Skipulagsstofnun bundin ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum, sem byggja á þeirri forsendu að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli háðar mati ef líklegt sé að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Í tilfalli Múlavirkjunar er ekki verið að fjalla um fyrirhugaða framkvæmt heldur er verið að taka lögformlega ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar sem er að baki. Hluti umhverfisáhrifanna liggja því fyrir með skýrum hætti, en endanleg áhrif virkjunarinnar eru líkast til ekki komin fram að öllu leyti. Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í skýrslu Veiðimálastofnunar um að ekki sé ljóst hvort áhrif virkjunarinnar á vöxt og viðkomu urriða séu að fullu komin fram. Þá tekur Skipulagsstofnun einnig undir álit sem fram kemur í sérfræðiskýrslu um fuglalíf á vatnasvæði virkjunarinnar að talsverðan tíma þarf til rannsókna svo hægt sé að meta áhrif virkjunarinnar á fuglalíf svæðisins með áreiðanlegum hætti. Einnig taka Eyja- og Miklaholtshreppur og Umhverfisstofnun undir að óvissa ríki um hver varanleg umhverfisáhrif verði af áframhaldandi starfsemi Múlavirkjunar eins og hún hefur verið rekin.

Fyrir liggur að gerðar hafa verið rannsóknir á nýliðun og vaxtarskilyrðum urriða í Baulárvallavatni á árunum 2003, 2008, 2010 og 2012<sup>7</sup>. Á þessu tímabili var afli urriða á sóknareiningu tiltölulega stöðugur, sem gefur til kynna að fiskum í stofninum hefur ekki fækkað með tilkomu virkjunarinnar. Þekkt er að stærð fiska og aldur við kynþroska lækki þegar þrengi að fiskistofnum, en ekki eru merki um slíka þróun hjá urriða í Baulárvallavatni skv. rannsóknunum. Frá árinu 2007 jókst almennt þéttleiki urriðaseiða í ám og lækjum sem renna í Baulárvallavatn og náði hámarki árið 2011. Þéttleiki var hins vegar minni árið 2012 í öllum vatnsföllunum nema Rauðasteinalæk. Í skýrslunni kemur fram það álit Veiðimálastofnunar að hrygning hafi ekki verið takmarkandi þáttur fyrir viðkomu urriða í Baulárvallavatni frá því að virkjunin kom til og hún ekki haft neikvæð áhrif á stærð urriðastofnsins. Einnig liggur fyrir að ekki hafi þurft að grípa til ráðstafana skv. skilyrði gildandi virkjunarleyfis (nr. 5) um að sleppa skuli seiðum af sama stofni í vatnið ef vart verði við nýliðunarbrest í urriðastofninum. Þá liggur einnig fyrir að ekki eru merkjanleg neikvæð áhrif á seiðabúskap lax í Straumfjarðará, sem rennur frá Baulárvallavatni<sup>8</sup>.

Fyrir liggur að frá árinu 2006 hefur á hverju ári verið fylgst með fjölda og varþrangri straumanda á vatnasvæði virkjunarinnar og til eru gögn um talningar á Straumfjarðará allt aftur til ársins 1998. Í sérfræðiskýrslu kemur fram að Ísland er eina varpland straumandar í Evrópu og Straumfjarðará sé mikilvæg fyrir viðkomu tegundarinnar<sup>9</sup>. Einnig að straumönd er á valista Náttúrfræðistofnunar Íslands, BirdLife International og Bernarsáttmálans. Samkvæmt skýrslunni var varþrangur straumandar með besta móti sumarið 2012 frá því að talningar hófust 1998 og einungis hafi hann verið betri árið 2009. Frá árinu 2007 hafa ungar komið fram í talningum hvert ár og verið 2-16 talsins. Ekki verður séð að varþrangur straumandar hafi verið lakari undanfarin ár en var fyrir tilkomu Múlavirkjunar.

Skipulagsstofnun telur að í sérfræðiskýrslum komi fram vísbendingar um að áhrifa útskolunar jarðefna og aukins framboðs næringarefna á lífríki Hraunfjarðarvatns, í kjölfar þess að vatnið var stíflað, sé að fjara út en án þess að nýtt jafnvægi sé komið á. Fyrir liggur að með

<sup>7</sup> Friðþjófur Árnason og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir 2013. Rannsóknir á urriðastofnum Hraunfjarðarvatns og Baulárvallavatns árið 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13011, 18 bls.

<sup>8</sup> Sigurður Már Einarsson 2011. Straumfjarðará 2010. Seiðabúskapur og laxveiði. Veiðimálastofnun, VMST/11001, 12 bls.

<sup>9</sup> Jóhann Óli Hilmarsson 2012. Fuglalíf á Straumfjarðará, Baulárvallavatni, Vatnaá og Hraunfjarðarvatni 2012. 9 bls.

Múlavirkjun hefur vatnsborð Baulárvallavatns tíðum verið hærra en náttúruleg vatnsstaða ætti að vera. Því er líklegt að jarðefni hafi skolast út í vatnið og það aukið framboð næringarefna í Baulárvallavatni sjálfu, sem lagst hefur við þau næringarefni sem berast til vatnsins frá Hraunsfjarðarvatni um Vatnaá. Skipulagsstofnun telur sennilegt að þetta ástand hafi leitt til aukinnar framleiðslu í Baulárvallavatni og Straumfjarðará sem ekki sjái fyrir endann á. Því eigi enn eftir að koma í ljós hver raunveruleg áhrif verða á lífríki vatnsins og árinna og hvort nýtt jafnvægi náist. Því telur Skipulagsstofnun að frekari samanburðarrannsóknir þurfi til að leiða í ljós hvernig þessi þróun verði. Skipulagsstofnun telur því mikilvægt að á næstu árum verði rannsóknunum á lífríki fram haldið með sama hætti og sömu tíðni og fram að þessu og í samræmi við skilyrði nr. 4, 5 og 9 í gildandi virkjunarleyfi.

Umhverfisstofnun telur að á grundvelli fyrirliggjandi gagna sé ekki hægt að spá um endanleg umhverfisáhrif vatnsborðshækkunar Baulárvallavatns. Því telur stofnunin að meta eigi þau áhrif sem breytingar á skilyrði virkjunarleyfis um leyfilega hæð vatnsborðs Baulárvallavatns hafi. Breytingin feli í sér að í stað þess að náttúrulegar sveiflur í vatnsborði Baulárvallavatns haldist, þá verði sveiflur í hæð vatnsins á forsendum virkjunarinnar á þann hátt sem virkjunin hefur verið rekin fram til þessa. Skipulagsstofnun telur að skilyrði í núgildandi virkjunarleyfi um vöktun hafi leitt til þess að haldgóðar upplýsingar liggja nú fyrir um þróun lífríkis á vatnasviði virkjunarinnar undanfarin ár, þó enn sé óljóst hvort og þá hvenær það nái nýju jafnvægi. Skipulagsstofnun telur að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar nú muni ekki skila því að hægt verði að spá frekar um endanleg umhverfisáhrif vatnsborðshækkunar Baulárvallavatns. Hins vegar er mjög mikilvægt að ekki verði slakað á þeirri vöktun sem skilyrði er um í gildandi virkjunarleyfi, þó það kunni að vera endurnýjað á næstunni. Skipulagsstofnun telur að tíð vöktun og skýrsluskil muni varpa ljósi á þróun lífríkisins og gefa vísbendingar um hvenær jafnvægi sé náð. Skipulagsstofnun telur jafnframt að ef virkjunarleyfi Múlavirkjunar verði endurnýjað eigi að gera Múlavirkjun ehf. skylt, á grundvelli leyfisins, að uppfylla upphaflegar áætlanir um skil milli Baulárvallavatns og inntakslóns virkjunarinnar ef vöktun bendir til þess að þróun lífríks verði til verri vegar miðað við það sem var fyrir tilkomu Múlavirkjunar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Múlavirkjunar ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að hækkun uppsetts afls Múlavirkjunar, í Eyja- og Miklaholtshreppi, úr 1,9 MW í 3,2 MW og á vatnsborði Baulárvallavatns, sem orðið hefur vegna reksturs virkjunarinnar og í samræmi við tillögu um nýtt vatnsborðsskilyrði í virkjunarleyfi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Eyja- og Miklaholtshrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, framkvæmdaleyfi skv. reglugerð nr. 722/2012 og leyfi Orkustofnunar skv. raforkulögum nr. 65/2003. Sækja þarf um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þá eru framkvæmdir við ár og vötn leyfisskyldar samkvæmt 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Samþykkt tillaga að aðalskipulagi í Eyja- og Miklaholtshreppi hefur ekki verið staðfest. Því þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar áður en hún samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillögu sbr. 1. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga nr. 123/2010. Í skipulagslögum nr. 123/2013 er ekki lengur sambærileg ákvæði og voru í 4. mgr. 56 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 varðandi framkvæmdir sem ekki eru í samræmi við skipulag. Því er mögulegt að gera breytingu á deiliskipulagi Múlavirkjunar þótt stöðvarhús hafi verið byggt í ósamræmi við skilmála þess. Skipulagsstofnun bendir á að upphaflega var gert ráð fyrir að stöðvarhús yrði



allt að 91m<sup>2</sup> að stærð og að útfall úr Baulárvallavatni rynni um stuttan veg niður í inntakslón virkjunarinnar, þannig að virkjunin hefði ekki áhrif á náttúrulegan vatnsbúskap vatnsins. Stöðvarhúsið varð hinsvegar rúmlega tvöfalt stærra en gildandi deiliskipulag heimilar, stíflan var færð, hún hærrí og oft á tíðum tengist vatnið og inntakslónið í eina heild. Öllu þessu þarf að taka á og gera grein fyrir í breytingu á deiliskipulagi og þær breytingar geta ekki talist vera óverulegar. Því þarf að fara með breytinguna skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, auk þess sem minnt er á að hún er einnig háð lögum um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006. Loks áréttar Skipulagsstofnun mikilvægi þess að Múlavirkjun ehf. hafi samráð við Minjastofnun Íslands um rannsóknir á fornleifum innan framkvæmdarsvæðisins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Múlavirkjun ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. apríl 2013.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson



Skipulags  
stofnun